



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

12. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, fimmtudaginn 9. nóvember 2023 kl. 08:30.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Porkell Porkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, Oddviti

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2023

Ragnar kynnti stöðu þeirra verkefna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

2. Tilboð í skólphreinsistöð fyrir Borgarsvæðið

Fyrir liggur tilboð í nýja skólphreinsistöð fyrir Borgarsvæðið og þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á komandi árum. Gert er ráð fyrir að fá kynningu frá Iðnver á skólphreinsistöðinni inn á næsta fund framkvæmda- og veitunefndar.

Lagt fram til kynningar.

3. Athafnasvæði – verkfundargerð dags. 31.10.2023

Fyrir liggur fundargerð frá 3. verkfundi um verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg“.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Vesturbyggð – Útgefin gögn útboðs

Lagt er fram til kynningar teikningasett ásamt útboðs- og verklýsingu vegna 1. áfanga vesturbyggðar sem nú er í útboðsferli.

Lagt fram til kynningar.

5. Verðkönnun vegna eftirlits og innmælinga fyrir nýja íbúðabyggð vestan við Skólabraut

Óskað hefur verið eftir verðum frá Verkís, Eflu og Mannvit vegna eftirlits og innmælinga fyrir nýja íbúðabyggð vestan við Skólabraut.

Verðkönnunin lögð fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

6. Hæghleðsla á Borg

Fyrir liggur tölvupóstur frá Orku náttúrunnar þar sem óskað er eftir að fá að bæta við hæghleðslustöðvum austan megin við núverandi hraðhleðslustöð í stað þess að staðsetja stæðin við Borgarveg/Skólabraut eins og áður hafði verið rætt.

Að mati framkvæmda- og veitunefndar gengur ekki upp að staðsetja nýjar hleðslustöðvar á stæðum nær leikskólanum því þörf er á að nýta öll þau stæði fyrir leikskólann. Nefndin leggur áherslu á að stæði fyrir nýjar hleðslustöðvar verði staðsett vestan við núverandi hleðslustöð.

7. Hitaveita: Borun nýrrar holu í Vaðnesi

Fyrir liggur tillaga frá ÍSOR um hvernig standa skuli að borun á nýrri vinnsluholu í Vaðnesi.

Lagt fram til kynningar. Ragnari falið að leita tilboða ásamt því að fá upplýsingar um hvenær mögulegt væri að fá bor í verkið.

8. Beiðni um afslátt af tengigjaldi fyrir 30 húsa gistirekstur við Herjólfsstíg

Fyrir liggur tölvupóstur þar sem óskað er eftir verði í vatnstengingu í fyrirhugaða gististarfsemi við Herjólfsstíg 2-12.

Frestað.

9. Umsókn um kalt vatn í Brjánsstaði 1 (L200776)

Fyrir liggur tölvupóstur frá Gunnari Einarssyni vegna vatnstengingar í Brjánsstaði 1 (L200776).

Ragnari falið að fá frekari upplýsingar varðandi áfangaskiptingu og tímaáætlun uppbyggingar á hverfinu og kostnaðarmeta stofn og götulögn.

10. Fjárhagsáætlunargerð fyrir 2024

Farið yfir þær framkvæmdir og fjárfestingar sem áætla þarf á næsta ári í tengslum við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Ragnari falið að senda kostnaðarmat fyrirhugaðra fjárfestinga til sveitarstjóra.

11. Gjaldskrár veitna fyrir 2024

Yfirfara þarf gjaldskrár veitna sveitarfélagsins fyrir árið 2024.

Ragnari falið að skoða hvort þörf sé á breytingum á gjaldskrár veitna sveitarfélagsins.

12. Næstu fundir framkvæmda- og veitunefndar

Lögð er fram tillaga að næstu fundum framkvæmda- og veitunefndar. Fundirnir verða haldnir þann 11. desember, 29. janúar, 26. febrúar, 25. mars, 22. apríl og 27. maí.

Tillagan samþykkt samhljóða.